

# Vinnustofa um námsmat í íþróttum

## Niðurstöður úr samantekt stofa 1.

Í stofunni skiptum við okkur í 3 hópa sem höfðu til hliðsjónar umræðupunkta frá skipuleggjendum málstofunnar til að vinna út frá.

Þessir punktar voru í stuttu máli.

- A. **Leiðsagnarmat:** Hvaða leiðir eru heppilegar til að útfæra leiðsagnarmat í íþróttum.
- B. **Lokamat:** Náms hæfni til lokamats. Hvaða aðferðir eru heppilegar til að vinna með þegar kemur að því að útfæra námsmat á getu nemenda. Hvernig á að vinna með lokamatið í okkar grein
- C. **Skipulag náms og kennslu:** Hvað geta sveitarfélög, einstakir skóla og íþróttar og sundkennarar gert til að styðja við námsmat í okkar grein í samræmi við nýja aðalnámskrá.

Miklar umræður spunnust í hópunum varðandi námsmat almennt hvernig staðið er að því núna og hvernig það ætti að breytast með tilkomu nýrrar aðalnámskrár. Kennarar skiptust á upplýsingum og sögðu frá hvernig staðið er að matinu í þeirra skólum. Kom fram að námsmatið hefur verið í stöðugri þróun sl. ár. Sem dæmi eru margir skólar að nýta sér verkefnabækur í Mentor þegar þeir vinna í námsmati. Með þeim gerum við verkefni og niðurstöður aðgengilegar og sýnilegar bæði foreldrum og nemendum og auðveldar að fylgjast með árangri og framförum.

Varðandi leiðsagnarmatið kom fram hjá hópunum að kjörið væri að nota sjálfsmat þar sem nemendur meta eigin vinnu á mismunandi hátt. Uppbygging sjálfsmatsins er og getur verið mismunandi fer eftir aldri nemenda og hvað við erum að meta en miðast oftast við afmarkað verkefni í lok vinnunnar. T.d. metið með brosköllum krossum við spurningar eða tengt líðan í tímum og tilgangurinn að nemandinn skoði sig sjálfur meti vinnu sína og félagar og átti sig þar enn betur á stöðu sinni og meti stöðu sína í náminu.

Varðandi lokamatið kom fram að kennurum finnst gott að hafa sundstigin til að meta færni. Gott væri að hafa skala til viðmiðunar í skólaíþróttunum líka, þar sem kæmi fram viðmið um ákveðna færni sem ætti að vera náð í ákv. bekkjum. Það myndi auðvelda okkur að meta hvaða færni nemandinn hefur náð og hvað hann á eftir að tileinka sér. Nemandi og kennari setja síðan markmið sem hæfir hverjum og einum sem síðan skapar hraustan og glaðan nemanda. Þessi verkefni þurfa að sjálfsögðu að vera fjölbreytt og mæla breiða getu einstaklingsins til hreyfingar.

Fundarmenn voru sammála um að stór hluti af matinu hjá okkur ætti að vera „virknimat“ eða starfseinkunn, vinnueinkunn. Þar sem við metum þætti eins og stundvísi vinnusemi þrautseigju samskipti og hegðun sem er jú alltaf huglægt mat okkar kennarana.

Lítill tími var til að ræða lið C en almennt má segja að þeir aðilar sem að skólunum standa þurfa að sjá til þess að aðstaða sé almennt góð. Áhöld og tæki séu til staðar til að hægt sé að standa vel að kennslu og meta hana í samræmi við kröfur aðalnámskrár.

Fundarmenn voru amk sammála um að tilgangur matsins er að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örvi þá og hvetji til að leggja sig fram. Það þarf einnig að vera til stuðnings til frekari skipulagningar við námið. Það þarf að vera fjölbreytt þ.e við þurfum að beita fjölbreyttum aðferðum til að nálgast það breiða svið sem greinin okkar spannar.

Erla Gunnarsdóttir, vinnustofustjóri

## Niðurstöður úr samantekt stofa 2.

Hópur 1.

1. Nemendur sem hafa ekki góða færni, en eru til í að framkvæma. Eru oft ósátt við þá einkunn sem þeir fá. Við gefum fyrir viðleitni og þau telja sig eiga að fá hærra.

2. A. Nota Mentor.

a. Leggja sig fram.

b. Hegðun.

c. Fylgja fyrirmælum.

Þannig getum við sagt til um hvort nemendur nái lokamati.

Hægt að láta nemendur meta sjálfa sig.

B. Próf og skalar. Myndbandsupptökur þar sem nemendur vinna jafnvel sjálfir.

Bókleg og verkleg próf.

Annað. Halda sundstigum inni og nota þau áfram til viðmiðunar og einkunnargjafar.

Hópur 2.

A. Líkamlegt form nemenda á að vera grunnur að námsmati nemenda. Þol – styrkur – liðleiki – kraftur – snerpa. Próf óháð íþróttagreinum.

B Nýta námsmarkmiðin í Mentor.

Reynsla af því að nota námsmarkmiðin í sundi. Kemur vel út og gefur mjög góða mynd af stöðu nemenda og auðvelt fyrir foreldra að fylgjast með.

Hugmynd að nýta þau í íþróttum líka. Setja markmiðin inn á hverju aldurstigi.

Einfalt að meta og einfalt að fylgjast með stöðu nemenda.

Vantar samræmda skala. Hvað á nemandinn að geta miðað við aldur.

C. Skipa vinnuhóp til að búa til staðlað námsmat fyrir alla skóla. Hægt að nota Mentor.

Óðinn Björn Þorsteinsson, vinnustofustjóri